

## REGLUGERÐ um dragnótaveiðar.

### 1. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 155 mm.

### 2. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólöglegt að festa undir poka dragnótar, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

### 3. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er 155 mm breið og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

### 4. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útbenslu vængjanna.

### 5. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 95 26. mars 1976 um dragnótaveiðar.

### Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 30. nóvember 1979, að nota dragnætur með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í vængjum og miðneti, enda sé lágmarksmöskvastærð í poka og belg 155 mm. Hámarks lengd miðnets skal vera 3 metrar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. maí 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*